



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

### ***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að hætt verði að skipta við KPMG og látið reyna á útboð eða farið í verðkönnun, sé talið nauðsynlegt að kaupa vinnu af þessu tagi***

Á fundi borgarráðs þann 13. apríl 2023 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

*„Flokkur fólksins leggur til að hætt verði að skipta við KPMG og látið verði reyna á útboð eða farið í verðkönnun, sé talið nauðsynlegt að kaupa vinnu af þessu tagi. Af yfirliti yfir viðskipti við KPMG að dæma er nokkuð ljóst að aðkeypt þjónusta frá þessu fyrirtæki er komin úr böndunum. Á síðasta ári fékk fyrirtækið 41,5 milljón fyrir greiningarskýrslur/ verkefni án þess að skýringar liggi fyrir um nauðsyn þeirra. Frá 2018 hefur KPMG fengið um 100 milljónir frá Reykjavíkurborg fyrir skýrslur sem sjá má í yfirliti sem fulltrúi Flokks fólksins fékk sem svar við fyrirspurn sinni um viðskipti borgarinnar við ráðgjafarfyrirtæki. Fulltrúa Flokks fólksins er ofboðið, ekki aðeins bruðlið sem hér á sér stað heldur einnig vegna dæma um að að greiningaskýrslur frá KPMG séu ekki taldar trúverðugar. Vísað er m.a. í skýrsluna Ráðgjöf vegna skjalastjórnunar (niðurlagning Borgarskjalasafns). Sú skýrsla er talin innihalda rangfærslur og dylgjur í garð borgarskjalavarðar sem dregur úr trúverðugleika hennar að mati margra sem tjáð sig hafa um gagnið. Héraðsskjalavörður í Kópavogi hefur lýst svipaðri skoðun á úttekt sem KPMG hefur gert fyrir bæjarstjórnina á menningarstofnunum bæjarins og segir að hann „vænti þess að bæjarfulltrúar í Kópavogi hafi til að bera skynsemi og ábyrgðartilfinningu til að stíga engin óheillaspor á grundvelli þessarar skýrslu.“*

Líkt og fram kemur í svari fjármála- og áhættustýringarsviðs (MSS23030060), dags. 5. apríl sl., þar sem lögð voru fram samanlögð viðskipti Reykjavíkurborgar við KPMG sl. fimm ár, hefur Reykjavíkurborg á umliðnum árum átt í viðskiptum við KPMG vegna ýmissa verkefna. Eru þau verkefni dreifð, þvert á svið og starfseiningar borgarinnar og varða ólík verkefni milli ára. Við kaup á ráðgjöf er með hefðbundnum hætti farið að innkaupareglum borgarinnar, þar sem áætlun um umfang og stærð verkefna er metið með hliðsjón af viðmiðunarfjárhæðum um kaup á verkum, vörum og þjónustu. Það er aðeins í smærri verkefnum sem leitað er beint til aðila um kaup á vörum og þjónustu, en alla jafna er gerð verðfyrirspurn til ráðgjafafyrirtækja eða einstaklinga sem talin eru hæf og/eða henta við úrlausn verkefna eða farið í útboð eftir atvikum. Í innkaupastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á „[a]ð gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við Reykjavíkurborg“ og „[a]ð stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til Reykjavíkurborgar“. Við kaup á ráðgjöf er stofnunum borgarinnar skylt að fylgja þessum sjónarmiðum borgarstjórnar.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.